

Skólaráð Hörðuvallaskóla

6. fundur skólaársins 2017-2018, haldinn 15. febrúar 2018

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Edda Kjartansdóttir, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Linda Hilmarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir, Sigríður Einarsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Guðmundur Daníel Erlendsson.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Húsnæðismál / lóðamál

Umræður um stöðuna hvað varðar húsnæðismál og mál skólalóðar. Niðurstaða kosningar í verkefninu "Okkar Kópavogur" var að farið verður í gerð nýs körfuboltavallar og fimmhryningsrólu á skólalóðinni og fjármunir til þeirra hluta koma úr verkefninu. Fyrirhugaður er fundur vegna þessara framkvæmda og annarra sem áformaðar eru við skólalóðina, auk bílastæðamála. Hönnun vegna flutnings bókasafns í Baugakór er hafin og gert ráð fyrir að útbúnað verði tvær nýjar kennslustofur í Vallakórnum fyrir næsta skólaár. Farið yfir áætlun um nemendafjölda næstu fjögur skólaár (gert ráð fyrir fjölgun vegna nýbygginga í hverfinu), fjölda bekkja og niðurröðun í hús. Gert er ráð fyrir að nemendafjöldi fari yfir 1.030 á því tímabili og að sá fjöldi ætti að geta rúmast með framangreindum ráðstöfunum. Áætlun um staðsetningu árganga fyrir næstu ár verður send kennurum til upplýsingar og skoðunar.

2. Uppstokkun bekkja fyrir næsta skólaár og næstu árin

Síðastliðinn vetur var sett fram tillaga um að koma á þeirri reglu að jafnan yrði stokkað upp í bekkjum milli 2. og 3. bekkjar, milli 5. og 6. bekkjar og milli 7. og 8. bekkjar. Hugur starfsfólks og foreldra til þessa var kannaður og voru niðurstöður jákvæðar. Hins vegar þykir nauðsynlegt að hafa nokkra aðlögun að þessu og var því á fundinum sett fram áætlun til þriggja ára um uppstokkun í árgöngum, þannig að eftir þrjú skólaár sé framangreind regla komin að fullu í framkvæmd. Skólastjóri mun senda plaggið á foreldrafulltrúa til skoðunar en jafnframt á kennarahópinn.

3. Skóladagatal 2018-2019

Frá síðustu yfirferð hafa þær breytingar verið gerðar að vordögum er fækkað um tvo (eftir könnun meðal kennara) en "skertum" þemadögum bætt inn í staðinn. Þá er viðtalsdögum í janúar hnikað af mánudegi/þriðjudegi á miðvikudag/fimmtudag. Skólaráð samþykkir skóladagatalið með áorðnum breytingum. Dagatalið verður sent út á starfsmannahópinn, ef ekki koma fram breytingatillögur, sem verða þá teknar fyrir á kennarafundi í mánaðarlok, skoðast það samþykkt.

4. Námsmat

Ekki virðast hafa orðið miklar umræður um nýtt fyrirkomulag á námsmati eftir birtingu þess og viðtöl í janúar. Foreldrafulltrúar hvattir til um að skapa umræðu um námsmatið meðal bekkjarfulltrúa og fá viðbrögð og ábendingar.

5. Önnur mál

Staða mála í knatthúsinu eftir gervigrasskipti er slæm vegna rykmyndunar. Skólinn, Foreldrafélagið og HK hafa leitað skýringa og krafist úrbóta. Unnið er að lausn málsins og beðið er eftir upplýsingum frá heilbrigðiseftirlitinu. Skólastjóra falið að ýta eftir að þær upplýsingar berist.

Næsti fundur áformaður í vikunni 12.-16. mars, fundarboð sent út með viku fyrirvara.